

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vesturbyggðar, nr. 371/2014.

1. gr.

Lokamálsliður 4. tölul. B-liðar 47. gr. verður svohljóðandi:

Ráðið tekur fullnaðarákvörðun skv. 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, um matsskyldu framkvæmda í flokki C skv. 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum, þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaaðilinn.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett skv. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 21. apríl 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.